



Markaðssetning vöru og þjónustu (ígildi 6 ECTS eininga)

- haust 2010 –einnig í fjarkennslu

Námið er ætlað öllum sem starfa við sölu- og markaðssetningu á vöru og þjónustu.

Tilgangur og markmið: Auka skilning þátttakenda á hlutverki faglegs markaðsstarfs innan fyrirtækja og samfélags. Veita yfirsýn yfir fjölbreytileika markaðsstarfsins og mikilvægi stjórnunar þess. Kynna fyrir þátttakendum inntak markaðsfræðinnar, helstu grundvallarhugtök, og kenningar sem fyrirtæki, og samfélög nýta sér í markaðsstarfi sínu. Áhersla er lögð á verkefnavinnu og þjálfun í að finna hagnýtar lausnir í markaðsstarfi íslenskra fyrirtækja. Kynna fyrir þátttakendum markaðsaðstæður á Íslandi.

Kennsla: Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum og með úrlausnum verkefna. Nemendum gefst tækifæri til að eiga samskipti sín á milli og við kennara á innrives háskólans (Moodle).

Námsmat: Markaðsáætlun (hópverkefni) 30%

Kynningaráætlun (hópverkefni) 30%

Kynning verkefnis 10%

Prófæfing 30%

Námstilhögun: Námið er 36 kennslustundir. Kennt verður á miðvikudögum kl.16:15-18:50 í 12 vikur, frá og með 15. september til 1. desember. Kennt verður frá Háskólanum á Akureyri til þeirra fjarstaða þar sem næg þátttaka fæst.

Bækur: Eftirfarandi bók er lögð til grundvallar: Kotler, Keller, Brady, Goodman og Hansen (2009), Marketing Management, Prentice Hall. Ekki er skylda að kaupa bókina.

Ítarefni: Greinar í tímaritum um markaðsmál, innlendum og erlendum, sem kennarar benda á í fyrirlestrum.

Kennarar: Hafdís Björg Hjálmarsdóttir (hafdisb@unak.is) og Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir (verak@unak.is). Ásamt gestafyrirlesurum úr atvinnulífinu

Viðtalstími: Eftir samkomulagi

Staðsetning: M203 (nema 27.11. - L101) Sólborg Háskólinn Akureyri

Verð: 65.000 kr.

Markaðssetning vöru og þjónustu- kennsluáætlun 2010

Tími	Efni	Kennari	Athugasemdir
15. sept.	Kynning á námskeiði og verkefnum <i>Inngangur að markaðsfræði, hvað er markaðsfræði? Fjallað verður um viðskiptavinina okkar, hvernig greinum við hverjir þeir eru? Fjallað verður um viðskiptavinatryggð og fleira.</i>	HBH og VKVK	Kafla 1, 2, 11
22. sept.	Uppsetning markaðsáætlunar og greining umhverfis <i>Fjallað verður um söluráðanna fjóra, markaðsleg tól sem fyrirtæki hafa til að ná markaðslegum markmiðum sínum. Fjallað verður um greiningu fjarumhverfis fyrirtækisins með PEST-DN.</i>	VKVK	Kafla 3, 5, 6, 16, 17
29. sept.	Greining á nær-og fjarumhverfi fyrirtækisins og samkeppnisaðilar. <i>Unnið verður með SVÓT greininguna, Porter's five forces. Hverjir eru samkeppnisaðilarnir okkar og hvernig greinum við þá? Hver er munurinn á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði? Þá verður einnig farið í markaðshlutun, markaðsmiðun og staðfærslu.</i>	VKVK	Kafla 7, 8, 9, 10, 14
6. okt.	Verkefnatími <i>Staða verkefnis tekin, markaðsáætlunin sett upp. Nemendur kynna sín verkefni og málin rædd og spurningum svarað.</i>	HBH og VKVK	
13. okt.	Markaðssetning þjónustu <i>Hver er munurinn á markaðssetningu vöru og þjónustu? Hvað þarf að hafa í huga við markaðssetningu þjónustu? Hvernig mótum við þjónustuna að þörfum viðskiptavina okkar? Hvernig skilum við af okkur afburða þjónustu og hvernig stýrum við henni?</i>	HBH	Kafla 18 Nemendur skila markaðsáætlun til kennara í upphafi tímans
20. okt.	Almannatengsl og samfélagsleg ábyrgð	HBH	Kafla 19, 20, 21

	<i>Hvað eru almannatengsl? Samskipti við hagsmunaaðila og tengsl við fjölmiðla. Hvað er samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja?</i>		
27. okt.	Gestafyrirlesari úr atvinnulífinu og umræður um markaðsmál á Íslandi	HBH og VKVK	
3. nóv.	Uppsetning kynningaráætlunarinnar <i>Vörumerki og vörumerkjastefna. Farið verðu í uppsetningu kynningaráætlunarinnar og kynningarráðarnir (promotion mix) kynntir. Sérstaklega verður fjallað um kynningarráðinn auglýsingar.</i>	VKVK	Kafli 12, 13, 19, 20
10. nóv.	Kynningaráætlunin og kynningarráðarnir frh. <i>Fjallað verður um kynningarráðana: söluhvata, beina sölu, beina markaðssetningu og viðburði..</i>	VKVK	Kafli 19, 20
17. nóv.	Kynningaráætlunin og kynningarráðarnir frh. Markaðssetning á netinu. <i>Fjallað verður um kynningarráðinn internetið. Farið verður yfir mikilvægi internetsins í markaðssetningu, hina ýmsu miðla sem hægt er að nota við markaðssetningu og hvað ber að hafa í huga.</i> <i>Unnið verður að síðara verkefninu í síðari hluta tímans, staðan tekin og málin rædd, og spurningum svarað.</i>	HBH og VKVK	Kafli 4
24. nóv.	Nemendur kynna sín verkefni. Samantekt og umræður	HBH og VKVK	
1. des	Prófæfing	HBH og VKVK	